



Öldubrot

Fréttabréf Öldutúnsskóla



21. árgangur, 3. tölublað

ágúst 2006

Ábm.: Erla Guðjónsdóttir

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans

Til minnis

- Heimasíða skólans er: www.öldutunsskoli.is
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: www.aldan.is
- Dagatal skólans er á heimasíðunni
- Skrifstofa skólans er opin frá klukkan 8 til 16 mánudaga til fimmtudaga og 8 til 15 á föstudögum
- Sími skólans er 555 1546

Skólastjóri:

Erla Guðjónsdóttir.

Aðstoðarskólastjórar:

Guðmundur Ingi Jónsson
María Pálmadóttir.

Efni í blaðinu:

- Upphaf nýs skólaárs
- Aðalfundur Foreldrafélags Öldutúnsskóla 29. ágúst.
- Nýjungar í námskrá skólans
- Olweusarverkefnið. Hjálpumst að. Upprætum einelti og andfélagslega hegðun
- Starfssvið skólaliða, aukin gæsla
- Stefna skólans — heimanám

Velkomin til starfa á ný

Í upphafi þessa skólaárs eru 605 nemendur í skólanum í 28 bekkjardeildum. Starfsmenn hafa undanfarið verið að undirbúa skólastarfið og erum við þess albúin að taka á móti nemendum okkar og bjóðum þá velkomna til starfa eftir sumarleyfið.

Í sumar voru unnar endurbætur á fjórum kennslustofum í elstu álmu skólans; B álmunni. Einnig voru keypt ný og glæsileg húsgögn í kennslustofur í unglingsdeild og eru þar með komin ný húsgögn í allar stofur deildarinnar. Á síðasta skólaári voru endurnýjaðar allar tölvur skólans og auk þess keyptar 12 fartölvur sem hægt er að fara með á milli kennslustofa til afnota fyrir nemendur. Við erum að vonum ánægð með þessar endurbætur á starfsumhverfi okkar.

Við viljum skapa nemendum okkar skólaumhverfi sem er hlýlegt, skapandi og stuðlar að vellíðan. Við leggjum mikið upp úr því að vinnufriður ríki og nemendur sýni hver öðrum tillitssemi í leik og starfi. Til að stuðla að því, þarf að temja sér sjálfsaga. Sjálfsagi er uppspretta ábyrgðar einstaklingsins á sjálfum sér og gjörðum sínum og grunnur sjálfsvirðingar og styrks til að takast á við það sem mætir okkur í lífinu, freistingum, áföllum, gleði og sorgum.

Gerðar eru kröfur til skólafólks að leita sífellt að árangursríkum leiðum til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Við þurfum að fylgjast vel með nýjungum varðandi kennsluhætti og upplýsingatækni og vera fær um að leggja gæðamat á það sem við erum að gera, svo nokkuð sé talið.

Öldutúnsskóli hefur á að skipa góðu og samhentum starfsfólki sem hefur á undanförunum dögum lagt kapp á undirbúning vetrarins. Við höfum m.a. verið á námskeiðum sem varða samskipti, námsmat, stærðfræði, námstækni og lestur og hlökkum til þess að takast á við nýtt skólaár.

Nemendur, starfsfólk og foreldrar – velkomin til starfa á nýju skólaári. Megi starfsárið verða okkur farsælt í alla staði, veita okkur gleði og ánægju og góða uppskeru að vori.

Erla Guðjónsdóttir, skólastjóri

Nýjungar í námskrá skólans

Í vetur verður skákkennsla á stundaskrá nemenda í 3. og 5. bekk. Það er liður í að efla skáklistina í skólanum, gera hana að virkum þætti í félagsstarfi nemenda og að skólinn sé virkur þátttakandi í skáklífi bæjarins. Stofnað var skákfélag Öldutúnsskóla á vorhátíðinni síðastliðð skólaár og komu gestir frá Hróknum og Skákfélagi Hauka og tefldu fjöltefli við nemendur og gesti.

Í 7. og 8. bekk verður námsefni kennt sem kallað er Lego mindstorms. Kennd er smíði t.d. vélmenna úr legó og hegðun þeirra forrituð. Nemendur vinna saman að lausnum á krefjandi verkefnum sem virkja hugmyndaflug, frumleika og reynir á samvinnu.

Hjálpumst að – upprætum einelti og andfélagslega hegðun

Öldutúnsskóli hefur nú verið í tvö ár að innleiða Olweusarverkefnið. Það byggir á kenningum prófessors Dan Olweus um það hvernig árangursríkt er að fyrirbyggja og uppræta einelti. Hann hefur rannsakað einelti síðastliðin 30 ár og er meðal fremstu fræðimanna í heiminum á því sviði. Olweusaráætlunin er ekki tímabundið átaksverkefni, heldur forvarnarverkefni sem er hluti af daglegu skólastarfi og samstarfi skóla og heimila. Áætlunin fylgir ákveðnum meginreglum og miðar að því að bæta félagslegt umhverfi og skapa öruggt skólaumhverfi.

Á þeim tveimur árum sem liðið hafa síðan við höfum þessa vinnu, hafa verið kennd og viðhöfð ákveðin vinnubrögð til að fyrirbyggja og stöðva einelti og andfélagslega hegðun. Nemendur fá fræðslu um einelti, birtingarform þess og afleiðingar fyrir bæði gerendur og þolendur. Mikið er lagt upp úr því að börnin finni sig örugg um að segja frá ef þau verða fyrir áreitni eða verða vitni að áreitni og að þau finni að hinir fullorðnu vinni í málinu með árangursríkum hætti. Við höfum skráð ferli sem unnið er eftir, komi upp grunur eða tilkynning um að einhver verði fyrir einelti. Allir bekkir vinna bekkjarreglur á haustin og bekkjarfundir eru reglulega, þar sem m.a. er tekið á samskiptum, eineltismálum og rætt um skólabrag.

Á skólaárinu 2006 til 2007 mun starfið halda markvisst áfram með sama hætti og nú í haust munum við m.a. boða til sérstakra kynningarfunda fyrir forelda. Við ætlum að halda þessu verkefni ótrauð áfram og væntum þess að foreldrar taki vel á með okkur í því verki.

Hlýja, umhyggja og festa eru einkunnarorð verkefnisins

Við viljum að öll samskipti okkar einkennist af hlýju viðmóti, að við berum umhyggju hvert fyrir öðru með því að allir láti sig varða hvernig náunganum líður. Við viljum taka með festu á málum sem upp koma og leita lausna með skipulögðum, jákvæðum og uppbyggilegum hætti.

Aðalfundur Foreldrafélags Öldutúnsskóla

Þann 29. ágúst næstkomandi verður aðalfundur Foreldrafélagsins í matsal nemenda. Hefst fundurinn klukkan 17:30 og verður lokið stundvíslega klukkan 19:00. Á aðalfundi er stjórn félagsins kjörin þar sem einn fulltrúi frá hverjum árgangi situr og einn frá sérdeild. Fyrir fundinn og á fundinum gefst tækifæri fyrir foreldra að gefa kost á sér til annarra starfa svo sem bekkjarfulltrúa. Ein aðalforsenda góðs foreldrastarfs er að sem flestir foreldrar taki þátt í starfinu með einhverjum hætti. Þeir foreldrar sem hafa áhuga á að starfa, geta gefið sig fram við stjórn eða skilað inn á skrifstofu skólans skráningarblaði sem sent verður í skólabyrjun heim með nemendum. Menn fylla út blað með nafni og hverju þeir hafa á huga á að taka þátt í, svo sem í stjórn, ritnefnd, vorhátíðarnefnd, foreldraráði, fræðslunefnd, útskriftarferð 10. bekkjar og/ eða bekkjartengill.

Allir foreldrar eru hvattir til vera virkir og stuðla þannig að öflugra starfi innan skólans.

Við höfum átt því láni að fagna að hafa átt gott og mikið samstarf við foreldrafélagið og foreldraráð. Þegar börnin finna að skólafólkið og foreldrar ganga í takt og hafa tíð og góð samskipti, líður þeim vel. Skólinn er vinnustaður barnanna og sameiginlegt kappsmál okkar að stuðla að vellíðan þeirra. Góð líðan í skólanum er forsenda þess að barnið nái góðum námsárangri.

Breytt fyrirkomulag á vinnuskipulagi skólaliða og útigæslu – bætt eftirlit og gæsla

Einn skólaliði tilheyrir hverjum árgangi (tveir í 1. bekk) og fylgir nemendum í leik og starfi þeirra innan dyra sem utan. Myndað er samvinnuteymi um hvern árgang sem í eru umsjónar kennarar í viðkomandi árgangi, skólaliði/ar ásamt stuðningsfulltrúa þar sem hann er við störf. Rammi vinnudags skólaliðans byggist á stundatöflum nemenda og nánari útfærsla á vinnudeginum er samvinnuverkefni umsjónarkennara í árganginum og viðkomandi skólaliða.

Með þessu fyrirkomulagi kynnast nemendur og viðkomandi skólaliði betur en áður, þar sem sami skólaliðinn fylgir alltaf sama nemendahópnum úti og inni. Þessari breytingu er ætlað að styrkja skólaliðann í starfi sínu, auka eftirlit og inngríp í samskipti og þar með öryggi barnanna í leik þeirra og starfi.

- Starfsemi Öldunnar hefst 1. september.
- Allir nemendur í 5. til 10. bekk fá afhenta skóladagbók sem ætlast er til að þeir noti til að skipuleggja námið sitt.
- Nemendur í 10. bekk verða á ferð í Danmörku dagana 28. ágúst til 2. september. Þeir nemendur sem ekki komast með, fara í heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki á meðan.
- Lokið var við gerð forvarnarstefnu skólans á síðasta skólaári og er hún á vefsíðu skólans.
- Áætlun skólans gegn einelti er á vefsíðunni okkar: www.öldutunsskoli.is
- Starfsemi heilsdagsskólans hefst 23. ágúst. Ragnheiður Ingadóttir veitir skólanum forstöðu.
- Nemendur í unglingsdeild geta leigt sér skápa til að geyma eigur sínar í, m.a bækur sínar. Umsjónarkennarar munu kynna nemendum reglur um notkun skápanna. Gegn 2000 króna gjaldi fá nemendur lykla að skáp og eru endurgreiddar 1000 krónur þegar lykli er skilað, þannig að ársleiga er 1000 krónur. Þeir sem vilja leigja sér skápa snúi sér til Hrefnu Guðmundsdóttur, skólaliða.

Stefna Öldutúnsskóla

Í samstarfi við foreldrafélag skólans var efnt til stefnumótunarvinnu foreldra, starfsmanna og nemenda skólans í október 2005 og framhaldsþings í febrúar 2006. Markmiðið var að skapa vettvang þar sem þessir lykilaðilar koma sama og ræða hvert skuli stefna og hvaða þættir það eru sem skipta þá máli í skólastarfinu. Stefna um heimanám var veigamikill þáttur í hópavinnu á fyrra þinginu og munu kennarar vinna áætlanir sínar um heimanám í samræmi við stefnuna. Ennfremur er verið að leggja lokahönd á stefnu um foreldrasamstarf.

Samþykkt og skráð sýn skólastarfsins er leiðarvísir fyrir starf okkar allra, starfsmanna, foreldra og nemenda. Hún er ekki og má aldrei verða orðin tóm. Út frá sýninni mótum við markmið og leiðir til að vinna eftir í daglegum störfum.

Stefna Öldutúnsskóla um heimanám

Markmið og tilgangur með heimanámi

Auka þjálfun og færni nemandans.

Hjálpa nemendum að skipuleggja sig og skapa aðhald.

Efla ábyrgð nemanda á námi sínu.

Auka meðvitund foreldra um nám barna sinna.

Efla samstarf heimila og skóla.

Undirbúningur fyrir næstu kennslustund.

Upprifjun og vinna upp það sem ekki hefur unnist tími til í skóla.

Heimanámsverkefni séu þannig að þau:

Miðist við vinnu á virkum dögum og ekki um helgar.

Miðist við áætlun fyrir hverja viku.

Séu sniðin eftir aldri, styrkleika og getu hvers og eins.

Efli og styrki nemendur og foreldra.

Auki meðvitund foreldra um nám barna sinna.

Verði vettvangur ánægjulegrar samveru foreldra með barninu.

Tengi saman heimili og skóla.

Hlutverk foreldra varðandi heimanám

Vera jákvæð og hvetjandi og skapa barninu góðar aðstæður fyrir heimavinnu.

Sýna barninu stuðning og hvatningu.

Aðstoða barnið sitt við að skipuleggja námið.

Fylgjast með heimanámi og sjái hvar hjálpar er þörf og hjálpa mátulega mikið.

Kenna börnunum að taka sjálf ábyrgð á heimanámi sínu smám saman.



Öldutúnsskóli

hlýja - umhyggja - festa

